

## Nd. 364. Frumvarp til framfærslulaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

### I. KAFLI

#### Um framfærsluskyldu.

##### 1. gr.

Framfærslustyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Framfærslustyrkur skal vera svo mikill sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar eða framfærslunefndar, og honum haga svo, sem hún telur rétt vera, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum.

##### 2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

##### 3. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og ala upp börn sín þangað til þau eru 16 ára.

##### 4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefur áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, er ekki hafa náð þeim aldri, enda hafi hún foreldraráð yfir þeim, og helst sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur, ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það sóm og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefur og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefur átt með annarri konu, áður en hún giftist honum. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

##### 5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins.

##### 6. gr.

Þegar yfirvald hefur úrskurðað um lífeyri skilgetins eða óskilgetins barns, eða fráskilinnar konu, og úrskurður sá er löglega birtur, en greiðsla samkvæmt honum ekki innt af hendi í tæka tíð, er rétt að taka fúlguna lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Sama gildir, ef um samning um slíkan lífeyri er að ræða, svo og um meðlagsúrskurð, sem er uppkveðinn, þegar hjón eru skilin að samvistum, án þess að hafa fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng, en annað þeirra fullnægir ekki lögmætri framfærsluskyldu sinni. Ákveði úrskurður eða samningur um lífeyri hærri upphæð en lögákveðinn barnalífeyri skv. lögum um almannatryggingar, þá er slíkt aðeins gildandi og lögtakskræft gagnvart aðilum sjálfum, en Tryggingastofnun ríkisins er ekki skylt að greiða meira en barnalífeyri samkv. lögum um almannatryggingar.

7. gr.

1. Um réttindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sífjalögum og almannatryggingalögum, að því leyti, sem lög þessi ná ekki til.
2. Um framfærsluskyldu húsbænda gagnvart hjúum sínum fer eftir hjúalögum.
3. Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir sjómanna-lögum.
4. Um framfærsluskyldu lærimeistara gagnvart iðnnemum fer eftir lögum um iðn-aðarnám.

Framfærslumaður eða framfærslusveit hjúa, skipverja og iðnnema á sömu framfærslukröfur á hendur húsbónda, útgerðarmanni og lærimeistara eins og aðili sjálfur, ef hann neytir ekki réttar síns.

## II. KAFLI

### Um framfærslurétt.

8. gr.

Sérhver íslenskur ríkisborgari, eldri en 16 ára, á framfærslurétt í heimilissveit sinni, en heimilissveit er sá kaupstaður eða hreppur, þar sem maður á lögheimili. Þar er lögheimili manns, er hann hefur fast aðsetur.

Verði eigi upplýst um lögheimili manns, er leitar framfærslustyrks, þá skal sú sveit, er hann dvelur í, þegar hann verður styrkþurfi, teljast framfærslusveit hans.

9. gr.

Nú flyzt maður milli sveita, og skal hann þá eiga framfærslurétt í þeirri sveit, er hann flyzt í, þegar er hann hefur tekið sér þar lögheimili, nema öðruvísi sé fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum. Enginn öðlast þó framfærslurétt í annarri sveit með dvöl sinni þar í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða annarri slíkri stofnun, vinnu-hæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Meðan hann dvelst þar á hann framfærslurétt í þeirri sveit, er hann átti framfærslurétt í, er slík dvöl hans hófst, en öðlast framfærslurétt í heimilis-sveit sinni að dvölinni lokinni, er hann hefur komizt af styrklaust í 2 ár óslitið. Sá, er dvalið hefur í skóla, öðlast þó þegar framfærslurétt í þeirri sveit, er hann tekur sér lögheimili í að skólavistinni lokinni.

10. gr.

Nú flyzt milli sveita maður, er þegið hefur framfærslustyrk á síðustu 2 árum áður en hann flutti, og skal hann þá halda óbreyttri sveitfesti, þar til hann hefur komizt af styrklaust í 2 ár óslitið í hinni nýju heimilissveit.

11. gr.

Um framfærslurétt hjóna, sem skilið hafa samvistir, gilda ákvæði 8., 9. og 10. greinar. Skilgetin börn undir 16 ára aldri eiga framfærslurétt í framfærslusveit foreldra sinna. Séu hjónin skilin eða sambúð þeirra slitið, á barnið framfærslurétt í framfærslusveit þess foreldrisins, er foreldraráðin hefur, eða það fylgir, og helzt sá framfærsluréttur, þótt foreldrið deyi.

Nú hafa hjón skilið samvistir án þess að úrskurðað hafi verið um foreldraráð yfir barni þeirra, er hjá hvorugu dvelur, og á barnið þá framfærslurétt í framfærslusveit föður síns eða þeirri sveit, er hann átti síðast framfærslurétt í, sé hann dáinn.

Óskilgetin börn innan 16 ára aldurs eiga framfærslurétt í framfærslusveit móður sinnar.

12. gr.

Nú hefur lögskyldur framfærslumaður barns komið því í fóstur og þangað er lagður með því lögákveðinn barnalífeyrir, eða sveitarstjórn hefur ráðstafað barni með ákveðinni meðgjöf umfram barnalífeyri, og er þá eigi heimilt að taka barnið frá fósturforeldri, hafi það dvalizt þar eigi skemur en þrjú ár, ef þar fer vel um það, að dómi barnaverndarnefndar eða skólanefndar, þar sem barnið dvelur og fósturforeldrarnir vilja halda því, enda krefjist þeir ekki hærri meðgjafar með barninu en lögboðins barnalífeyris.

13. gr.

Nú verður barn munaðarlaust, en munaðarlaust telst það barn, sem engan lögskyldan framfærslumann á, þann er vitað sé um eða til verði náð, og er þá sveitarstjórn í dvalarsveit barnsins skylt að annast framfæri þess fyrst um sinn, þar til úr því er skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit þess samkvæmt lögum þessum, og skal sú sveit þá taka við framfærslu barnsins, þó með þeim takmörkunum, er segir í næstu grein á undan.

Verði eigi úr því skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit barns, er dvalarsveit þess skylt að annast framfærslu þess. Framfærslustyrkur umfram barnalífeyri veittur samkvæmt þessari grein telst styrkur veittur munaðarlausu barni.

14. gr.

Útlendingar, heimilisfastir hér á landi, eignast framfærslurétt hér, þegar þeir fá íslenzkan ríkisborgararétt.

15. gr.

Maður, sem öðlzt hefur framfærslurétt á Íslandi, missir hann, þá er hann missir íslenzks ríkisfangs, enda hafi hann öðlzt ríkisborgararétt í öðru ríki. En öðlist hann aftur íslenzkan ríkisborgararétt, þá á hann framfærslu í heimilissveit sinni.

16. gr.

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurétt hér á landi, þurfandi framfærslustyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í heimilissveit hans eða dvalarsveit, en endurgreiða skal ríkissjóður framfærslustyrkinn.

17. gr.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu íslenzks ríkisborgara, og ráðherra álitur, að ekki verði hjá því komizt að veita honum viðtöku, og er þá rétt, að ráðherra vísi honum með fjölskyldu, ef nokkur er, á þá sveit, er framfærsluþurfi til þess kýs, en styrkur sá, er sveitin veitir honum fyrsta árið, er hann dvelst þar, skal henni endurgoldinn úr ríkissjóði.

18. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis, og skal þá endurgreiða þann styrk úr ríkissjóði. Kostnaður við heimflutning frá útlöndum greiðist sömuleiðis úr ríkissjóði fyrir þann styrkþega og skyldulið hans, sem ofangreindir umboðsmenn annast, ef kostnaðurinn fæst ekki á annan hátt greiddur.

### III. KAFLI

#### Um stjórn framfærslumála.

##### 19. gr.

Ráðherra hefur yfirstjórn allra framfærslumála í landinu.

##### 20. gr.

Framfærslumálum heima í héraði stjórna bæjarstjórnir og hreppsnefndir hver í sínu umdæmi.

##### 21. gr.

Í kaupstöðum kýs bæjarstjórn sérstaka nefnd, er nefnist framfærslunefnd, til þess að annast framkvæmdir framfærslumála kaupstaðarins.

Framfærslunefnd skal skipuð 3 eða 5 mönnum, er bæjarstjórn kýs með hlutfallskosningu. Jafnmargir skulu kosnir til vara. Heimilt skal formanni barnaverndarnefndar að sitja fundi framfærslunefndar og bera fram tillögur, er sérstaklega varða börn samkvæmt lögum um barnavernd.

Kjörtímabil framfærslunefndar er hið sama og kjörtímabil annarra fastra nefnda bæjarstjórnar.

Nefndin kýs sér sjálf formann.

##### 22. gr.

Hreppsnefndum er heimilt að kjósa framfærslunefnd, og fer þá um skipun hennar og verksvið eins og í kaupstöðum, nema að formaður skólanefndar kemur þar í stað formanns barnaverndarnefndar.

##### 23. gr.

Í kaupstöðum og hreppum, þar sem framfærslunefndir eru, skal hver sá, er þarfnast opinberrar hjálpar, snúa sér til formanns framfærslunefndar, eða í skrifstofu nefndarinnar, og skýra frá ástæðum sínum. Framfærslunefnd skal þá, svo fljótt sem við verður komið, halda fund um málið, sé það þannig vaxið, að það geti eigi orðið afgreitt án sérstaks fundar eða beðið reglulegs fundar í nefndinni, og ákveða, hverja hjálp nauðsynlegt sé að veita, og skal sú hjálp látin í té af bæjar- eða sveitarsjóði eftir fyrirmælum nefndarinnar.

##### 24. gr.

Framfærslunefnd skal eigi halda sjaldnar fundi en einu sinni í viku. Skal hún þá afgreiða öll þau erindi, er til hennar hafa borizt, og geta hvers einstaks erindis í gerðabók sinni og hvaða afgreiðslu það hafi hlotið.

Nú þykir styrkþega rétti sínum hallað eða eigi nógu vel fyrir þörfum sínum séð af framfærslunefnd, og má hann þá skjóta máli sínu til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Sérhverjum, er ekki vill una þeirri afgreiðslu, sem mál hans hefur fengið hjá bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er heimilt að áfrýja því til yfirstjórnar framfærslumálanna, er þá skal fullnaðarúrskurð á leggja.

##### 25. gr.

Framfærslunefnd er skylt að veita hverjum þeim, sem til hennar leitar, allar upplýsingar og leiðbeiningar um framfærslumál, eftir því sem í hennar valdi stendur, og sjá um, að framfærsluþurfi fái komið fram réttmætum kröfum sínum eða fengið þann framfærslustyrk, sem honum ber, óskertan.

Hún skal einnig sjá um, að þeir, sem fara þurfa til dvalar í sjúkrahús eða aðra stofnun, fái ábyrgð fyrir dvöl sinni þar frá sveitarfélagi sínu, eða sjúkrasamlagi, nema því sé áður ráðstafað á annan hátt.

26. gr.

Skylt er framfærslunefnd að stuðla að því eftir megni, að fólk þurfi ekki að leita framfærslustyrks, svo sem með því að hvetja það til að greiða tryggingariðgjöld sín á réttum tíma, brýna fyrir því reglusemi, hjálpa því til að komast í atvinnu, benda hreppsnefnd, bæjarstjórn, atvinnubótanefnd eða vinnumiðlunarskrifstofu á, hvar svo hágar séu kringumstæður, að nauðsyn sé fyrir vinnu, koma börnum til sumardvalar á góð sveitaheimili og eiga frumkvæði að öðru því, er í einstökum tilfellum og almennt gæti orðið til þess að forða því frá að þiggja framfærslustyrk.

27. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur setur, að fengnum tillögum framfærslunefndar þar, nánari reglur um tilhögun á framkvæmdum framfærslumála í kaupstaðnum.

28. gr.

Í hreppum, sem eigi kjósa framfærslunefnd, annast hreppsnefnd framkvæmd framfærslumála og gegnir þar skyldum framfærslunefndar samkvæmt lögum þessum, svo sem við á þar.

#### IV. KAFLI

##### Um tilhögun styrkveitinga.

29. gr.

Framfærslustyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé hvors tveggja í einu, hagsmuna almennings og þarfa og velferðar styrkþega.

30. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu styrkþega.

31. gr.

Framfærsluþurfum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé veittur þeim í matvælum, fatnaði og öðrum nauðsynjum, eða greiddur þeim í peningum, allt eftir því, sem framfærslunefnd eða hreppsnefnd telur best henta. Húsnæði, sem framfærsluþurfa er útvegað og fyrir er greitt af opinberu fé, eða sveitarstjórn leggur til, skal vera svo útbúið, að dómi héraðslæknis, að heilsu þeirra, er þar eiga að búa, stafi eigi hættu af. Þar sem almenningsmötuneyti er starfrækt, er framfærslunefnd eða hreppsnefnd heimilt að mæla svo fyrir, að framfærsluþurfar skuli fá mat sinn þar, enda sé mötuneytið að dómi heilbrigðisnefndar að öllu svo útbúið, að sómasamlegt sé, og að matur skuli sendur heim þeim fjölskyldum, sem að dómi framfærslunefndar og héraðslæknis eiga erfitt um að sækja mat þangað.

32. gr.

Nú þarf að ráðstafa framfærsluþurfa, og skal honum þá komið fyrir á góðu heimili, þar sem vel fer um hann, hann látinn fara í sjúkrahús, ef lækni álitur þess þörf, eða honum komið fyrir á vinnuhæli eða framfærslu eða atvinnustofnun, sem er undir opinberri umsjón.

Hafi sveitarstjórn ráðstafað framfærsluþurfa eða barni til dvalar utan heimilis, á hæli eða annars staðar, og greiðir þar meðlag eða ábyrgist greiðslu þess, þá ber Tryggingastofnun ríkisins að greiða sveitarstjórn bætur framfærsluþurfans eða lífeyri barnsins frá þeim tíma, er henni barst tilkynning um ráðstöfun sveitarstjórnarinnar.

33. gr.

Nú þurfa foreldrar, er mikla ómegð hafa, að leita framfærslustyrks til viðbótar barnalífeyri þeim, er þeim ber að lögum, og skal þeim þá lagður hann á heimili þeirra, ef börnin fá þar sómasamlegt uppeldi og vel fer um þau.

Börn má ekki taka frá foreldrum án samþykkis þeirra, nema framfærslu og uppeldi barnanna sé áfátt á þann hátt, er segir í næstu málsgrein.

Ef foreldrar, sem ekki þiggja framfærslustyrk, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi eða fara illa með þau, þá skal sveitarstjórn koma börnunum burt þaðan á barnaheimili eða á heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og lögskipaða fræðslu og venjast algengri vinnu. Eigi slík börn að lögum rétt á barnalífeyri, skal hann lagður til fósturs þeim, en umframtstyrkur, ef greiddur er, svo og meðgjöf, sem greidd er með slíkum börnum, ef þau eiga ekki rétt til barnalífeyris, skal talið framfærslustyrkur veittur foreldrum eða öðrum lögskyldum framfærslumönnum barnanna, nema hún sé þegar í stað endurgoldin.

Sveitarstjórn skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum börnum, er hún annast framfærslu á.

Ekki má sveitarstjórn skilja hjón samvistum án leyfis þeirra.

#### 34. gr.

Þegar um ráðstafanir er að ræða eftir 33. gr., skulu þær eigi framkvæmdar fyrir en barnaverndarnefndir í kaupstöðum og skólanefndir í sveitum hafa haft málið til meðferðar og reynt að leysa það samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, ef það fellur undir ákvæði þeirra, og skal farið eftir tillögum þeirra að því leyti, sem við verður komið. Hið sama gildir um ráðstöfun fávita og vanþroska unglunga, sem nauðsyn krefur, að hið opinbera ráðstafi eða hafi afskipti af.

#### 35. gr.

Sóknarprestar, kennarar og héraðslæknar skulu lita eftir því, að vel sé farið með alla framfærsluþurfa í umdæmum þeirra. Þyki einhverjum ofangreindra aðila misbrestur á því vera, og geti hann eigi með umvöndun komið lögum á það, ber þeim að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á sveitarstjórn til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn hafa einnig rétt til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær. Skulu slík mál sæta meðferð almennra lögreglumála.

#### 36. gr.

Sveitarstjórn skal gera sér allt far um að stuðla að því, að börn, sem eru undir hennar umsjá, séu þannig upp alin, að þau geti séð fyrir sér sjálf, þá er þau hafa náð 16 ára aldri.

### V. KAFLI

#### Um vald sveitarstjórnar yfir styrkþegum.

#### 37. gr.

Sá, sem þegið hefur framfærslustyrk, er endurgjalda skal, er háður valdi sveitarstjórnar að því leyti og á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

#### 38. gr.

Fyrir áfallinni framfærsluskuld getur sveitarstjórn beiðzt lögtaks eftir fyrir-mælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðni er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

#### 39. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn framfærslustyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eftir-riti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar, er gengur fyrir öllum öðrum kröfum.

Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn, ef hún krefst, kaup eða aflahlut framfærsluþurfa, sem hún telur ekki kunna með fé að fara. Leitað getur framfærsluþurfi úrskurðar lögreglustjóra, ef hann telur sig misrétti beittan, og má skjóta þeim úrskurði til ráðherra.

Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá gagnvart sveitarstjórn ábyrgð á þeirri upphæð, er hann hefur greitt framfærsluþurfa eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

Verkfæri eða húsmunir, sem sveitarstjórn fær framfærsluþurfa í hendur, eru eftir sem áður eign sveitarinnar.

#### 40. gr.

Heimilt er framfærslunefndum og hreppsnefndum að fá hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum styrkþega og vinnuskýrslum hjá vinnumiðlunarskrifstofum, er þær telja þörf á. Einnig er bönkum og sparisjóðum skylt að gefa framfærslunefndum og hreppsnefndum upplýsingar um viðskipti styrkþega og þeirra, sem framfærsluskyldir eru við þá.

Þeim upplýsingum, sem þannig eru fengnar, skal haldið leyndum, nema talið verði um að ræða misferli af hálfu styrkþega eða framfærsluskyldra.

#### 41. gr.

Sveitarstjórn getur krafizt þess, að framfærsluþurfi, sem að hennar dómi fer ráðlauslega með efni þau, er hann hefur undir höndum, verði með úrskurði valdsmanns sviptur fjárráðum, enda setji valdsmaður honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðunum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að framfærslustyrkurinn sé endurgoldinn eða eftirgefinn, skal nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviptur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

#### 42. gr.

Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara hvert sem er innanlands í viðunanlega vist, eða til atvinnurekstrar við viðunanleg skilyrði, eða vinna hverja þá vinnu, sem sveitarstjórn ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um, án sveitarstyrks, að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra framfærslusveitar, er sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna og verklýðsfélags á staðnum, ef slíkt er til. Úrskurði lögreglustjóra má skjóta til ráðherra.

Á sama hátt getur framfærslusveit styrkþega látið hann vinna af sér barnsfúlgu þá, er hún hefur orðið að borga með barni hans skilgetnu eða óskilgetnu, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu í vinnuhæli ríkisins, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 600 króna komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til ríkissjóðs, enda greiði hann kostnað allan af fangelsisvistinni.

#### 43. gr.

Nú óhlýðnast framfærsluþurfi skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hér á undan, og má þá kæra hann um það fyrir lögreglustjóra, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eftir málavöxtum.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál.

44. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefur vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærslusveit þeirra eða barnsmóðir heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfélaginu til þyngsla að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda hanni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sé fullnægt, að viðlögðu fangelsi samkvæmt 54. gr.

45. gr.

Nú sýnir framfærsluþurfi mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í allt að 3 mánuðum, þó því aðeins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eftir reglum, er ráðherra þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af ríkissjóði.

## VI. KAFLI

### Um viðskipti sveitarstjórna og endurgreiðslu framfærslustyrks.

46. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks, og skal hann þá veittur honum af heimilissveit hans.

47. gr.

Nú er manni veittur framfærslustyrkur utan þeirrar sveitar, er hann á framfærslurétt í, og skal framfærslusveit hans þá endurgreiða styrkinn að  $\frac{2}{3}$  hlutum, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í þessum lögum. Þó skulu greiðslur eftir yfirvaldsúrskurði endurgreiðast að fullu.

Ríkissjóður ábyrgist þessar endurgreiðslur.

48. gr.

Verði maður styrkþurfi utan heimilissveitar sinnar sökum slysa, veikinda, atvinnuleysis eða af öðrum orsökum, er dvalarsveitinni skylt að veita þá aðstoð, sem nauðsynleg er, til þess að styrkþurfinn fái þá læknishjálp og hjúkrun, sem þarf, eða hann komist heim til sín, en endurgreiða skal heimilissveitin dvalarsveit þann kostnað að fullu, og ábyrgist ríkissjóður greiðsluna.

49. gr.

Kröfur um endurgreiðslu á framfærslustyrk, sem eitt sveitarfélag á á hendur öðru, skal gera innan 6 vikna frá styrkveitingu, ella fellur endurkröfurétturinn niður.

Skylt er sveitarstjórn að svara slíkri kröfu innan 6 mánaða frá því að henni barst tilkynning um styrkveitingu, ella fellur niður réttur hennar til mótmæla gegn réttmæti skuldarinnar.

50. gr.

Sá, sem þegið hefur framfærslustyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er endurkræfur eftir þessum lögum eða öðrum. Því aðeins er þó sveitarstjórn heimilt að gera fjárnám í eignum eða tekjum styrkþega, að afkomu hans framvegis sé með því eigi stefnt í þá hættu, að hann þurfi aftur á framfærslustyrk að halda.

Framfærslustyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en



því foreldrinu, sem er á lífi, ef annað er dáið, og því foreldri, sem það er hjá, eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið að lögum.

Nú nægir eigi lögákveðinn barnalífeyrir til þess að greiða kostnað við uppeldi og framfærslu barns, og skal þá telja þann styrk, sem umfram þarf að veita, veittan móður barnsins, sé hún á lífi.

#### 51. gr.

Nú hefur einhver, sem samkvæmt dómi eða samningi er skyldur til framfærslu-greiðslu lögum samkvæmt, vanrækt að gera skyldu sína í þessu efni, og framfærslu-stjórn hefur þess vegna orðið að greiða þeim, sem réttinn hefur, framfærslustyrk, og telst þá sá styrkur ekki framfærslustyrkur til framfærsluþurfa, ef styrkurinn fer ekki fram úr hinni umsómdu eða úrskurðuðu upphæð, heldur framfærslustyrkur til þess, sem vanrækt hefur greiðslur.

#### 52. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana, báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þá skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fé til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau þá voru í, og ekkert á ekkju, ef hún hefur einn eða fleiri skylduómaga.

Nú hefur dvalarsveit barnsmóður eða framfærslumanns barns orðið að endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins lögákveðinn barnalífeyri, og skal þá framfærslu-sveit sú, er barnsfaðir á, er lífeyririnn féll í gjalddaga, skyld að endurgreiða dvalar-sveitinni meðlagið að fullu, og skal telja það framfærslustyrk veittan barnsföður.

Hafi dvalarsveit barnsmóður eigi fengið barnalífeyri endurgreiddan fyrir þá sök, að ókunnugt hafi verið um dvalarstað barnsföður, eða hann hefur komizt undan lagaaðförum, er þeirri sveit heimilt, er hann kemur síðar fram, að ganga að þeim framfærslusveitum, er hann kann að hafa átt meðan ekki náðist til hans.

#### 53. gr.

Skylt er barnsföður að endurgreiða framfærslusveit sinni lífeyri með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, sé hann þess umkominn að dómi sveitarstjórnar. Innheimtumaður, sem annast innheimtu á endurgreiðslukröfum vegna barnalífeyris, getur leitað aðstoðar lögreglunnar til þess að ná til skuldarans.

Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn samkvæmt kröfu hennar kaup eða aflahlut manna þeirra, er um ræðir í 1. málsg., til lúkn-ingar úrskurðuðum meðlögum.

Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á meðlagsskuldinni, allt að þeirri upp-hæð, er hann hefur greitt barnsföður, eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

#### 54. gr.

Þegar dvalarsveit hefur greitt barnalífeyri, sem innheimta ber hjá öðru sveitar-félagi, skal sveitarstjórn dvalarsveitar, innan sex vikna frá móttöku kvittunar Tryggingarstofnunar ríkisins fyrir greiðslunum, senda til sveitarstjórnar framfærslusveit-ar kröfu um endurgreiðslu, og skal þá greiða skuldina innan sex mánaða frá mót-töku kröfunnar. Kvittun Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja kröfu sveitar-stjórnar dvalarsveitarinnar.

Nú vanrækir sveitarstjórn framfærslusveitar að sinna kröfunni, og getur sveitar-stjórn dvalarsveitar þá krafizt greiðslu úr ríkissjóði samkv. 47. gr. þessara laga.

#### 55. gr.

Nú hrekkur barnalífeyrir, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir samkv. almanna-tryggingalögnum ekki til framfærslu munaðarlauss barns innan 16 ára aldurs, og

skal þá framfærslusveit þess greiða það, sem til vantar, að barnið fái sómasamlega framfærslu, og telst það styrkur veittur munaðarlausu barni.

56. gr.

Ekki á sveitarstjórn rétt á að krefja styrkþega endurgreiðslu á styrk, veittum af sveitarfé, til að greiða:

1. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kennsluáhöld handa börnum á skólaskyldu-aldri.
2. Greftrunarkostnað styrkþega, að því leyti sem eftirlátnar eignir þeirra hrökkva ekki til.
3. Fæðingarhjálp, sem barnsföður er ekki skylt að endurgreiða.
4. Greiðslur til munaðarlausra barna samkv. lögum þessum.
5. Útgjöld vegna útbúnaðar og sendingar barns, sem komið er til dvalar af barnaverndarnefnd eða framfærslunefnd utan heimilissveitar sinnar.
6. Framfærslustyrk veittan mönnum 60 ára eða eldri.
7.  $\frac{1}{2}$  hluti af kostnaði við langvinna sjúkdóma, samkv. l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Allur sá styrkur, sem hér um ræðir, skal þó í bókum sveitarinnar talinn framfærslustyrkur veittur á því ári, sem hann er greiddur úr sveitarsjóði.

57. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn framfærslustyrk.

58. gr.

Nú hefur styrkþega verið ráðstafað af framfærslunefnd eða hreppsnefnd í annað framfærsluhérað, og vinnur hann sér þá eigi sveit í hinu nýja héraði fyrr en í fyrsta lagi að 6 árum liðnum. Ber þeirri sveit, er ráðstafaði honum til dvalar, að kosta framfærslu hans fyrstu 4 árin, ef með þarf, hvort sem hann þarf árlegan styrk eða ekki, og eftirleiðis þangað til hann hefur komizt af tvö ár óslitið án framfærslustyrks.

59. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks áður en 2 ár eru liðin frá því að hann fluttist til þess framfærsluhéraðs, er hann á heima í, án þess um ráðstöfun samkv. 68. gr. sé að ræða, og skal þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd láta valdsmann, ef ástæða er til, rannsaka eftirfarandi atriði:

1. Hvar framfærsluþurfi átti áður heimilissveit.
2. Hvort hann þáði þar framfærslustyrk, og hve mikinn.
3. Hvenær hann síðast þáði framfærslustyrk þar.
4. Hvort sveitarstjórn fyrrv. heimilissveitar hans eða einstakir sveitarstjórnarmenn, eða aðrir áhrifamenn, hafi hvatt styrkþega til að flytja búferlum, lagt fram fé í því skyni eða á annan hátt beint eða óbeint stutt að för hans, svo sem með gjöfum eða samskotum, svo af því megi ætla, að þær ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að losa fyrrverandi heimilissveit við verandi eða væntanleg þyngsli vegna styrkþegans eða fjölskyldu hans.
5. Önnur atriði, er sveitarstjórn eða framfærslunefnd telur nauðsynlegt að upplýsa í þessu sambandi.

60. gr.

Sannist það við rannsókn þessa, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar styrkþegans, eða einstakir áhrifamenn í sveitarfélaginu, hafi komið því til leiðar, að styrkþegi flutti búferlum í aðra sveit og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 68. gr., skal þeirri sveit, er hann flutti úr, skylt að endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hann eða fjölskylda hans þarf að þiggja í framfærslustyrk meðan hann dvelur þar.

Sama gildir, ef það sannast, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar hafi lagt fram fé, beint eða óbeint, til þess að styrkþegi gæti komið hjá því að biðja um framfærsluhjálp fyrstu tvö árin.

61. gr.

Nú verður sveitarstjórn uppvis að því að hafa stuðlað að flutningi manns til annars sveitarfélags, og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 68. gr., og skal þá ríkissjóður endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hún leggur út hans vegna, og innheimta síðan upphæðina hjá fyrrverandi heimilissveit mannsins.

## VII. KAFLI

### Um jöfnun framfærslukostnaðar.

62. gr.

Í lok hvers reikningsárs, og eigi síðar en 1. júní næsta ár, senda bæjarstjórnir og hreppsnefndir til ráðuneytisins skýrslu yfir framfærslukostnað í kaupstaðnum eða hreppnum umliðið ár og í því formi, sem ráðuneytið ákveður.

Skýrslunni skal fylgja vottorð, staðfest af bæjarfógeta, sýslumanni eða hreppstjóra, um, hve margir karlar og konur á aldrinum 18—60 ára eiga heimili í kaupstaðnum eða hreppnum.

63. gr.

Sýslumenn skulu fyrir 15. júlímánaðar ár hvert senda ráðuneytinu skýrslu um samanlagðar skattskyldar tekjur allra íbúa hvers einstaks hrepps sýslunnar samkvæmt skattskrá fyrir umliðið ár, svo og um skuldlausar eignir samkvæmt sömu skattskrá og loks um skattmat allra fasteigna í hverjum hreppi, sem skatt ber að greiða af síðastliðið ár. Á sama hátt ber bæjarfógetum í kaupstöðum og skattstjórnunum í Reykjavík að senda ráðuneytinu tilsvarendi skýrslur úr umdæmum þeirra.

64. gr.

Framfærsluhéruðum landsins skal skipta í tvo flokka. Eru í öðrum flokknum allir kaupstaðirnir og kaптún þau, sem hafa yfir 500 íbúa og eru sérstök sveitarfélög, en í hinum flokknum eru öll önnur sveitarfélög.

65. gr.

Eftir skýrslum þeim, sem um getur í 73. gr., reiknar ráðuneytið út, hver er meðaltalsframfærslukostnaður í hvorum jöfnunarflokknum fyrir sig. Skal það gert á þann hátt að miða að  $\frac{1}{3}$  hluta við tölu þeirra karla og kvenna, sem eru á aldrinum 18—60 ára, að  $\frac{1}{3}$  hluta við skattskyldar tekjur, að  $\frac{1}{6}$  hluta við skuldlausar eignir og  $\frac{1}{6}$  hluta við fasteignamat.

66. gr.

Nú fer samanlagður framfærslukostnaður sveitarfélags fram úr meðaltali framfærslukostnaðar í þeim jöfnunarflokki, sem sveitarfélagið tilheyrir, reiknað á sama hátt og segir í næstu grein á undan, og fá sveitarfélögin þá endurgreiðslu úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, þannig, að hvert sveitarfélag greiðir meðaltalsframfærslukostnað í sínum flokki að frádregnum 10% og fær endurgreidda  $\frac{2}{3}$  hluta þess, sem umfram er. Minni upphæð en 100 krónur greiðast þó aldrei neinu bæjar- eða sveitarfélagi.

Hrökkvi tekjur jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga ekki til þess að endurgreiða fátækrajöfnunarféð, greiðir ríkissjóður það, sem á vantar, þar til full endurgreiðsla er fengin samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar.

67. gr.

Nú eru skýrslur þær, er um getur í 62. og 63. gr., eigi komnar til ráðuneytisins á þeim tíma, sem þar er tiltekinn, og skal þá með símskeyti eða á annan full-

tryggan hátt tilkynna hreppsnefndum, bæjarstjórnnum og embættismönnum þeim, sem þar eru tilgreindir, að skýrslur þeirra skuli afhendast fyrir nánar tiltekinn dag.

Nú verður misbrestur á því, að skýrslur komi þrátt fyrir tilkynningu samkvæmt 1. málsg. og skal þá við útreikning nota tilsvarendi skýrslu síðastliðins árs, en hreppar þeir og kaupstaðir, sem vanrækslu hafa sýnt, missa rétt til endurgreiðslu fyrir það ár, þótt þeir ættu tilkall til hennar samkvæmt útreikningi.

68. gr.

Ráðuneytið skal hafa lokið skiptingu framfærslufjár milli bæjar- og sveitarfélaga í fyrsta flokki eigi síðar en 1. ágúst og í öðrum flokki eigi síðar en 1. október.

69. gr.

Ráðuneytið hefur úrskurðarvald um sérstaka reikninga yfir veittan framfærslustyrk og um reikninga sveitarfélaga yfir framfærslukostnað í heild sinni.

Sannist það á einhverja sveitarstjórn, að hún visvitandi gefi rangar skýrslur eða upplýsingar í þeim tilgangi að öðlast endurgreiðslu frá ríkissjóði, missir viðkomandi sveitarfélag rétt til allrar endurgreiðslu frá ríkissjóði það ár, auk þeirrar hegningar, sem sveitarstjórnin kann að baka sér með slíku athæfi samkvæmt ákvæðum hinna almennu hegningarlaga.

## VIII. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

70. gr.

Nú hafa sveitarstjórnir gert samninga sín á milli um framfærslu styrkþega, áður en lög þessi koma til framkvæmda, og skulu þeir samningar þá haldast, ef þeir brjóta eigi í bág við ákvæði þessara laga eða almannatryggingalaga.

Um styrkþurfa, sem ráðstafað hefur verið utan sveitar af sveitarstjórn, áður en lög þessi öðlast gildi, skal fara sem segir í 58. gr. þessara laga.

71. gr.

Úrskurðir yfirvalds, uppkveðnir fyrir gildistöku þessara laga, um meðlög með skilgetnum eða óskilgetnum börnum, svo og staðfestir samningar um sama efni, halda gildi sínu með þeim breytingum, að meðlagsfúlgan fer eftir lögum um almannatryggingar og verður jafnhá barnalífeyri eins og hann er ákveðinn í þeim lögum á hverjum tíma, og að meðlagsgreiðslan fer fram mánaðarlega.

72. gr.

Nú hefur framfærsluþurfi misst rétt til bóta eða lífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar, vegna vanskila á iðgjaldi, og getur sveitarstjórn þá keypt honum full réttindi samkvæmt þeim lögum með því að greiða iðgjald hans fyrir næst liðið ár.

73. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim, séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfirvald þar, er það sveitarfélag er, sem krafist er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðila varð kunnugt um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á pósthönd til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

74. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947 og eru frá sama tíma úr gildi felld framfærslulög nr. 52 12. febrúar 1940, svo og önnur ákvæði eldri laga, er brjóta í bága við lög þessi.

### Ákvæði til bráðabirgða.

1. Í janúarmánuði 1947 skulu sveitarstjórnir greiða þeim ellilauna- og örorkubótaþegum, er á árinu 1946 fengu ellistyrk og örorkubætur,  $\frac{1}{2}$  hluta þeirrar heildarupphæðar, sem þeir fengu þá, að frádragnu sjúkrasamlagsgjaldi.  
Undanskildir eru þó þeir, sem 1946 fengu upphæðina greidda í einu lagi.  
Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögunum helming upphæðarinnar.
2. Við ákvörðun örorkulífeyris samkv. 3. bráðabirgðaákvæði laga um almannatryggingar skal þess gætt, að þeir öryrkjar, er þar greinir og fengið hafa örorkubætur árið 1946, missi einskis í við, að lögum um almannatryggingar koma til framkvæmda, enda greiði ríkissjóður það, sem til kann að vanta, að fjárveitingin úr tryggingarsjóði hrökkvi.
3. Mæður óskilgetinna barna, er ekki hafa fengið meðlagsúrskurði á hendur barnsfeðrum sínum erlendum, fyrir gildistöku þessara laga, en hafa til þessa fengið greidd meðlög af sveitarfé í dvalarsveit sinni, skulu eftirleidis fá greiddan barnalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, enda fylgi kröfu þeirra til Tryggingarstofnunarinnar vottorð sveitarstjórnar um meðlagsgreiðslur úr sveitarsjóði þeim til handa. Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir svo og þær upphæðir, sem sveitarsjóðir hafa lagt út til mæðra slíkra barna fyrir gildistöku þessara laga.  
Greiðslur þessar falla þó niður, ef móðir slíks óskilgetins barns, sem hér um ræðir, tapar barnsfaðernismáli því, er hún hefur höfðað.

### Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni félagsmálaráðherra. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um frv. og einstök atriði þess. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Í lögum um almannatryggingar frá 7. maí 1946, er svo hljóðandi bráðabirgða-ákvæði:

„Á árinu 1946 skal ríkisstjórnin láta fram fara endurskoðun á framfærslulögum nr. 52 1940, lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, nr. 46 1921, lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkuþla, nr. 78 1936, svo og lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 6 1935, sbr. l. nr. 20 1942, og öðrum þeim lögum, sem þörf er á að samræma ákvæðum þessara laga, og leggja árangur endurskoðunarinnar fyrir Alþingi.“

Með bréfi, dags. 11. sept. s. l., skipaði félagsmálaráðherra, Finnur Jónsson, nefnd til að framkvæma endurskoðun þá, sem að ofan greinir.

Í nefndinni áttu sæti: Auður Auðuns lögfræðingur, lögfræðilegur ráðunautur Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur, Ingólfur Jónsson fyrrv. bæjarstj., Jónas Thorodd- sen fyrrv. bæjarfógeti. Ólafur Sveinbjörnsson, skrifstofustjóri framfærslumála í Reykjavík og Jónas Guðmundsson skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hóf störf sín 16. september s. l. og hefur starfað óslitið síðan að endurskoðun ýmissa greina þeirrar löggjafar, sem snerta almannatryggingalögin sérstaklega.

Til þess að flýta starfinu skipti nefndin með sér verkum við undirbúningsvinnuna, en hélt svo sameiginlega fundi á milli, til að ræða einstök atriði, og loks frv. í heild.

Nefndinni varð það þegar ljóst, að ekki mundi unnt á svo skömmum tíma, sem henni var ætlaður, að ljúka endurskoðun allra þeirra laga, sem nauðsynlega verður að breyta, þegar almannatryggingalögin koma til fullra framkvæmda. Ákvað hún því að taka nú aðallega fyrir framfærslulögin og lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, en fresta öðrum breytingum af ástæðum, er síðar verður að vikið. Hefur nefndin því rækilega endurskoðað framfærslulögin og lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna og sendir þau nú frá sér í frumvarpsformi.

Lög um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, skattalagaákvæðið, sem breyta þarf fyrir árslok 1947, svo að ýmis önnur lög, sem meira og minna þarf að breyta, þýðir ekki að endurskoða fyrr en á árinu 1947, því breytingar á þeim geta ekki tekið gildi fyrr en III. kafli almannatryggingalaganna — heilsugæzlan — kemur til framkvæmda. Gerir nefndin því ráð fyrir að endurskoðuninni verði haldið áfram á árinu 1947, annaðhvort af þessari sömu nefnd eða annarri, sem sérstaklega yrði skipuð til þeirra starfa. Það mun og koma í ljós á fyrri hluta ársins 1947, hvort einhverra sérstakra ákvæða er vant í framfærslulögin eða lögín um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og mætti þá einnig úr því bæta þá.

Endurskoðun beggja þeirra lagaflokka, sem nú hefur farið fram, hefur því aðallega verið í því fólgin, að samræma þessa löggjöf tryggingalöggjöfínni og brúa ýmis bil, sem þar voru á milli.

Hvað framfærslulögin snertir er aðeins um eina verulega breytingu að ræða frá því sem nú er, og hún felst í því að felld eru niður ákvæði 6. gr. núg. framfærslul. og þau ákvæði önnur, er af þeirri grein leiða, en 6. gr. núg. framfærslulaga er svo hljóðandi:

„Börn skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega foreldrar ekki verða framfærsluþurfar meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri. Sama skylda hvílir á kjörforeldrum og kjörbörnum.“

Meðan almannatryggingar voru litlar eða engar var þetta mjög þýðingarmikið ákvæði, en ættarframfærslan þókar smátt og smátt fyrir opinberri framfærslu, og nú, þegar mjög fullkomnar tryggingar taka til starfa, virðist rétt að fella þessi ákvæði með öllu niður úr framfærslulögunum. Reynslan hefur auk þess verið sú, að t. d. foreldraframfærsla hefur oftast komið mjög misjafnlega niður á börnum sömu foreldra af ýmsum ástæðum og úrskurðir og tillög í því efni, jafnvel oftar valdið deilum og sundurþykki, hafi ekki sú ræktarsemi til foreldranna verið fyrir hendi, sem ein er þess megnug að bera slíkar byrðar sem þessar, án árekstra og unkvartana. Til þessarar framfærslu af hálfu barna gegnvarf foreldrum kemur ekki fyrr en börnin eru uppkomin orðin, og þá venjulegast vegna elli eða sjúkdóms foreldranna. Nú er til þess ætlað, að ellitryggingin og sjúkratryggingin beri þann kostnað, svo þar með er þessum byrðum raunverulega létt af börnunum. Sama er að segja um þá skyldu foreldra, að framfæra börn sín eldri en 16 ára. Slík framfærsla hlýtur að stafa af einhvers konar sjúkdómi barnsins, en tryggingarlögin gera ráð fyrir, að sjúkratryggingarnar taki við öllu slíku. Hér eftir eins og hingað til mun það auðvitað verða svo, að börn, sem einhverjar ræktartilfinningar hafa gagnvart foreldrum sínum, munu annast þau og veita þeim það, sem þau þarfnast og börnin geta af mörkum lagt, þótt þessi ákvæði falli úr lögum og hið sama munu foreldrar gera gagnvart uppkomnum börnum sínum, sem sjúk eru, svo langt sem efni þeirra og vilji ná.

Aðrar breytingar á framfærslulögunum þykir ekki þurfa að nefna hér sérstaklega, enda er þeirra getið í athugasemdunum við einstakar greinar.

Um frumvarpið um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna þykir rétt að taka þetta fram sérstaklega:

Með lögum um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, var II. kafli l. nr. 46/1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, fellur úr gildi og efni hans tekið upp í þau lög, og í framfærslulögin, barnaverndarlögin og lögin um almannatryggingar hafa verið tekið ýmis ákvæði um framfærslu óskilgetinna barna og réttindi þeirra og mæðra þeirra, sem óþarft virðist að taka upp í þetta frv. Sumar þær breytingar, sem gerðar hafa verið á eldri löggjöf síðan l. 46/1921 gengu í gildi, gera nokkur ákvæði þeirra óþörf, og í þessu frv. er lagt til, að VI. kafli þeirra, um skilgerð barna o. fl., verði alveg felldur niður, eins og nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum um einstakar greinar frv.

Til þessa hefur verið tekið fullt tillit við endurskoðun laganna, og eru þau því miklum mun stytttri nú en þau áður voru.

Erfiðasta viðfangsefnið var að sjálfsögðu að finna með hverjum hætti mætti tryggja meðlagsgreiðslur til hinna mörgu barna, sem hér hafa fæðzt meðan erlent setulið dvaldi í landinu. Nefndin varð öll sammála um, að rétt væri að taka í lög þau ákvæði í þessu efni, er tryggðu barnsmæðrum erlendra setuliðsmanna eða hermanna svipaðan rétt og öðrum íslenskum konum, er börn eiga utan hjónabands og feðra þau á þann hátt, sem íslensk löggjöf heimitar.

Barnsmæðrum þeim, sem hér eiga hlut að máli, má skipta í þrjá flokka:

Í fyrsta lagi þær, sem hafa fullkomna faðernisjátningu frá barnsföður.

Í öðru lagi þær, sem hafa ýmis konar gögn í höndum eða fært geta sterkar líkur fyrir því, að sá sé faðir barns þeirra, sem þær segja vera, en fullgild játning liggur ekki fyrir.

Í þriðja lagi þær, sem engar líkur né gögn geta fram fært, annað en það, að vita nöfn eða númer á barnsfeðrum sínum, ef sú vitneskja þá er fyrir hendi.

Nefndin taldi rétt, að þær þessara kvenna, sem í fyrsta flokknum teljast, yrðu settar á sama bekk og þær ógiftar mæður, sem börn eiga með Íslendingum. Hvað hina tvo snertir telur nefndin rétt, að sú leið verði farin, að þeim verði veittur réttur til höfðunar barnsfaðernismáls, og verði ekki náð til barnsföður, að þá verði móðurinni leyft að vinna eið að framburði sínum og yfirvaldsúrskurður síðan felldur um meðlagsgreiðslu. Rétt þykir, að ríkissjóður endurgreiði sveitarfélögunum eða Tryggingastofnuninni slík meðlög eins og nú tíðkast um meðlög með börnum erlendra manna, enda hefur enginn aðili annar tók á að innheimta þessi meðlög.

Að öllu þessu er nánar vikið í athugasemdum við einstakar greinar þess frv.

Fleira þykir ekki ástæða til að ræða sérstaklega í þessari greinargerð, en aðeins skal á það bent, að nauðsynlegt er, að þessi frv. fáiast afgreidd frá Alþingi hið fyrsta. — Skal þá vikið að hinum einstöku greinum framfærslulagafrumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar:

Um I. kafla.

Kafla þessi svarar til I. kafla núgildandi framfærslulaga, og er um framfærsluskyldu.

Um 1.—4. gr.

Greinar þessar eru samhljóða fjórum fyrstu greinum núgildandi framfærslulaga.

Um 5. gr.

Greinin svarar til 5. gr. núg. framfærslulaga, nema hvað fellt er niður það ákvæði, að hægt sé að krefjast framfærslu af sönnum foreldrum barns, ef kjörforeldri þrýtur. Virðist það eðlilegast, þegar foreldrarnir hafa af frjálsum vilja afsalað sér öllum rétti til barnsins.

Um 6. gr.

Þessi grein kemur í staðinn fyrir 6., 7., 8., 9. og 10. gr. núgildandi framfærslulaga, sem nefndin leggur til að fella niður. Í þessum greinum eru ákvæðin um það, að börn skuli framfæra foreldri sín og foreldrar börn sín, eldri en 16 ára, ef þau eru til þess fær, og þar eru einnig ýmis nánari ákvæði um, hvernig þeirri framfærslu skuli hagað. Þessi ákvæði hafa orðið æ þýðingarminni eftir því sem tryggingar allar urðu fullkomnari, og nú, þegar mjög svo fullkomið tryggingakerfi tekur til starfa, er rétt, að öll þessi ákvæði falli niður. Meginhugsun almannatrygginga er það, að létta byrðunum af einstaklingnum og leggja þær með einhverjum hætti á heildina. Hin nýju almannatryggingalög gera ráð fyrir, að gamalmenni njóti fulls ellilífeyris og allur sjúkrakostnaður verði borinn uppi af tryggingunum. Virðist þar með niður fallin þörf sú, sem verið hefur fyrir þessi ákvæði. Hins vegar er nauðsynlegt að kveða á um það hér, að greiðslur samkvæmt samningum eða yfirvaldsúrskurðum vegna framfærslu, megi taka lögtaki, ef þörf krefur, og eins að upphæð sú, sem hið opinbera verður um krafið, svari til þess sem í almannatryggingalögum er ákveðið um svipuð efni. Um það fjalla ákvæði þessarar greinar.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. núg. framfærslulaga.

Um II. kafla.

Kaflinn svarar til II. kafla núg. framfærslulaga og er um framfærslurétt.

Um 8.—11. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 12.—15. gr. í núg. framfærslulögum, að tilvitnuum í fyrri greinar einum undanteknum.

Um 12. gr.

Þessi grein svarar til 16. gr. í núgildandi framfærslulögum og er hér, auk þess að fella niður nokkur óþörf ákvæði, sú meginbreyting, að ekki er hægt að taka barn úr fóstri, ef það hefur verið í þrjú ár samfleytt hjá fósturforeldrum, enda fari þar vel um það og fósturforeldrar vilji halda því. Þykir réttara að hafa þetta ákveðið, því oft hafa spunnizt leiðinda deilur milli foreldra og fósturforeldra út af slíku fóstri, og er því bezt, að foreldrum sé ljóst, að réttur þeirra er tapaður eftir þriggja ára tíma og eins hitt, að fósturforeldrar geta ekki haldið barni, sé þess krafizt af þeim innan þriggja ára. Að sjálfsögðu tekur þetta ákvæði eingöngu til barna, sem komið er í fóstur eftir að lögin öðlast gildi, en á ekki við um þau börn, sem ráðstafað er samkvæmt núgildandi 16. gr. framfærslulaganna, fyrr en að þrem árum liðnum frá gildistöku þessara laga.

Um 13. gr.

Grein þessi er samhljóða 17. gr. núg. framfærslulaga að öðru leyti en því, að inn í síðasta málslið er skotið orðunum „umfram barnalífeyri“ og skýrir þetta sig sjálft við lestur greinarinnar.

Um 14. gr.

Greinin svarar til 18. gr. núg. framfærslulaga og eru felld úr henni öll ákvæði, sem þar eru um danska ríkisborgara, og þeir framvegis settir á sama bekk og aðrir erlendir menn. Gert er ráð fyrir, að samið verði sérstaklega milli ríkisstjórna Íslands og Danmerkur um framfærslu þeirra danskra ríkisborgara, er hér dvöldu fyrir sambandsslitin, og íslenskra ríkisborgara, er í Danmörku dvöldu þá, og því sé óþarft að taka upp í framfærslulögin sérstök ákvæði um þessi efni.

Um 15.—18. gr.

Þessar greinar eru samhljóða 19.—22. gr. núg. framfærslulaga.

Um III. kafla.

Þessi kafli svarar til IV. kafla núgildandi framfærslulaga og fjallar um stjórn framfærslumála. III. kafli í núg. framfærslulögum, en hann var um styrk með börnum ekkna, var felldur úr gild með almannatryggingalögum.

Um 19.—28. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 27.—36. gr. núgildandi framfærslulaga að undanteknum smávægilegum orðabreytingum í 26. gr. frv.

Um IV. kafla.

Þessi kafli svarar til V. kafla í núg. framfærslulögum og er um tilhögun styrkveitinga.

Um 29.—31. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 37.—39. gr. núg. framfærslulaga.



Um 32. gr.

Greinin svarar til 40. gr. nág. framfærslulaga með þeirri viðbót, að skylt sé Tryggingastofnun ríkisins að greiða til sveitarstjórnar bætur framfærsluþurfa eða barnalífeyri, hafi sveitarstjórn orðið að gera þær ráðstafanir, sem í upphafi greinarinnar segir, enda er þá viðkomandi að fullu framfærður af sveitarstjórn. Sýnist þetta heppilegasta fyrirkomulagið.

Um 33. gr.

Þessi grein svarar til 41. og 42. greinar í nág. framfærslulögum. Er hér svo ákveðið, að ekki megi taka börn af barnmörgu heimili, þótt það vegna ómegðar þurfi að leita viðbótarstyrks. Barnalífeyrir sá, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir með hverju barni í fjölskyldu umfram 3 þau fyrstu, bendir til þeirrar meginreglu, að barnmörgum heimilum skuli ekki sundrað, og þess vegna væri það í algerrí mótsetningu við anda tryggingalaganna, að láta nágildandi ákvæði halda sér. Sé hins vegar barnmörgu heimili áfátt þannig, að það veiti börnunum ekki sómasamlegt uppeldi eða þar fer illa um þau, veitir 3. mgr. heimild til að taka börnin burtu og ráðstafa þeim og skýrir greinin sig sjálf að því leyti. Þá hefur og þótt rétt að fella niður ákvæðið um, að skilja megi hjón samvistum án leyfis þeirra, „um stundarsakir vegna atvinnusóknar“, þar sem það mun næsta þýðingarlítið og fremur óviðfelldið að hafa það í lögum, því hver maður ætti að hafa þá sjálfsbjargarhvót að fara að heiman óneyddur í atvinnuleit, ef atvinnu er ekki að fá í heimilissveit.

Um 34.—36. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 43.—45. gr. nág. framfærslulaga.

Um V. kafla.

Þessi kaflí svarar til VI. kafla í nág. framfærslulögum og er um vald sveitarstjórnar yfir styrkþegum.

Um 37. og 38. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 46. og 47. gr. nág. framfærslulaga.

Um 39. gr.

Greinin svarar til 48. gr. nág. framfærslulaga og er eina breytingin sú, að niður er felldur 1. másl. 2. mgr. eða þessi setning: „Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur framfærsluþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til“. Hvorttveggja er, að þetta ákvæði er mjög lítið notað og að undir slíkum kringumstæðum er miklu réttara að svipta viðkomandi mann lögræði, sé hann þess ekki umkominn að fara með mál sín sjálfur. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 40. gr.

Greinin er samhljóða 49. gr. nág. framfærslulaga.

Um 41. gr.

Grein þessi svarar til 50. gr. nág. framfærslulaga. Samkvæmt 1. mgr. þeirrar greinar nágildandi framfærslulaga er til þess ætlazt, að ráðherra geti, eftir beiðni sveitarstjórnar, svipt framfærsluþurfa, sem fer ráðlauslega með efni þau, er hann hefur undir höndum, fjárráðum. Hér er lagt til, að þetta verði gert með valdsmanns úrskurði, enda miklu líkleggra að valdsmaðurinn sé því kunnugri en ráðherra, hvort þessa sé þörf. Þess má geta, að ekki er kunnugt um, að ráðherra hafi nokkru sinni notað þessa heimild allan þann tíma, sem hún hefur í lögum verið.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 42. gr.

Þessi grein er samhljóða 51. gr. núg. framfærslulaga að öðru leyti en því, að fjárhæð þeirri, sem ætlað er að afplána með 20 daga fangelsi er breytt í 600 kr. í stað 200 kr., sem nú er í lögum. Virðist þetta sanngjarnt með tilliti til hinnar miklu hækkunar, sem orðið hefur á öllum meðlagsgreiðslum frá því er núg. lög voru sett. Að öðru leyti eru skýringar óþarfar.

Um 43.—45. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 52.—54. gr. núg. framfærslulaga.

Um VI. kafla.

Kafli þessi svarar til VII. kafla núg. laga og er um viðskipti sveitarstjórna og endurgreiðslu framfærslustyrks.

Um 46.—51. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 55.—60. gr. núg. framfærslulaga, með nauðsynlegu orðabreytingum í 50. gr. frv.

Um 52. gr.

Greinin svarar til 61. gr. núg. framfærslulaga með þeirri breytingu einni, að 2. mgr. er endursamin, svo ákvæði hennar taki til Tryggingastofnunar ríkisins að því leyti sem hún nú kemur inn í viðskipti sveitarfélaganna.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 53. gr.

Greinin svarar til 62. gr. núg. framfærslulaga með þeirri breytingu einni í 1. mgr., að inn er skotið því ákvæði, að innheimtumaður — þ. e. sveitarstjórn — geti leitað aðstoðar lögreglunnar til þess að ná til skuldarans. Eru þessi ákvæði í 117. gr. almennra tryggingalaga, enda næsta sjálfsögð, þegar menn neita að hlýða kalli um að koma til viðtals út af skuldum sínum, eins og mjög hefur viljað við brenna. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 54. gr.

Þessi grein er ný og sett í stað 63. gr. núg. framfærslulaga. Í þessari grein er mælt fyrir um það, hvernig fara skal með kröfur milli sveitarfélaga út af barnalífeyri, ef Tryggingastofnunin krefur dvalarsveit barnsmóður en ekki framfærslusveit barnsföður um endurgreiðsluna.

64. og 65. gr. núgildandi framfærslulaga falla niður. 64. gr. verður óþörf, er tryggingalögin koma til framkvæmda, því þau hafa að geyma ákvæði um efni hennar, en 65. gr. þykir rétt að fella niður vegna þess að ákvæði hennar verða í ósamræmi við þær reglur, sem almennt koma til með að gilda um konur, er svipað stendur á um, þegar tryggingalögin koma til framkvæmda.

Það þykir rétt að taka það fram, að ríkissjóður beri ábyrgð á þessum greiðslum, þótt það sé í raun réttari tekið fram í 47. gr. frv. og sé nú í lögum.

Um 55. gr.

Ný grein. Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 56. gr.

Greinin svarar til 66. gr. núg. framfærslulaga með þeim tveim breytingum, er máli skipta, að niður fellur 5. liður í greininni eins og hún er í núg. lögum, þar sem hann er óþarfur orðinn, en upp er tekinn nýr liður (7. liður í frv.greininni), og er hann ákveðinn í breytingu, sem gerð var með l. 92/1943 á lögunum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Er þetta því frekar leiðrétting á greininni en ný breyting.

Um 57. gr.

Greinin svarar til 67. gr. n.úg. framfærslulaga, en þar er ákveðið, að ár þurfi að liða til þess að gefa megi upp styrkinn. Þykir rétt, að það sé heimilt hvenær sem sveitarstjórn sýnist.

Um 58.—61. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 68.—71. gr. n.úg. framfærslulaga.

Um VII. kafla.

Kaflinn svarar til VIII. kafla n.úg. framfærslulaga og er um jöfnun framfærslukostnaðar.

Um 62.—69. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 72.—79. gr. n.úg. framfærslulaga.

Um VIII. kafla.

Kaflinn svarar til IX. kafla í n.úg. framfærslulögum, en þó þykir réttara að nefna hann hér „ýmis ákvæði“ frekar en „niðurlagsákvæði“, eins og hann heitir í n.úg. framfærslulögum.

Um 70. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 80. gr. n.úg. framfærslulaga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 71. gr.

Ný grein. Rétt þykir að taka af öll tvímæli um það, að yfirvaldsúrskurðir um meðlagsgreiðslur með skilgetnum og óskilgetnum börnum, sem upp eru kveðnir áður en Tryggingarstofnun ríkisins tekur að sér greiðslur til barnsmæðra eða annarra framferenda, skuli halda fullu gildi eftir sem áður, að öðru leyti en því, að meðalmeðlagsupphæðin verði jafnhá lögmaeltum barnalífeyri. Er grein þessi sett til að taka af öll tvímæli í því etni.

Um 72. gr.

Ný grein.

Varlegast er að gera ráð fyrir því, að ýmsa vanskilamenn við Tryggingastofnun ríkisins geti borið á fjörur sveitarstjórnanna sem sjúklinga, gamlalmenni eða af öðrum ástæðum, en sveitarstjórnirnar hafa ekki átt þess kost að koma í veg fyrir vanskil þeirra, svo sem ef maður flytzt milli undæma o. fl., og er þá rétt að heimila sveitarstjórn að kaupa þeim réttindi með ákveðnum, vægari skilyrðum en almanna-tryggingalögin almennt gera ráð fyrir. Ákvæði greinarinnar hníga að þessu.

Um 73. gr.

Greinin er samhljóða 81. gr. n.úg. framfærslulaga.

Um 74. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 1. bráðabirgðaákvæði.

Ellilaun og örorkubætur eru samkv. gildandi lögum greidd mánaðarlega fyrir fram, en samkv. 67. gr. laga um almanna-tryggingar greiðist elli- og örorkulífeyrir mánaðarlega eftir á. Af þessu leiðir, að þetta fólk fær enga greiðslu í janúarmánuði 1947, ef ekkert er að gert, þar sem sveitarstjórnir hafa greitt fyrir desembermánuði í byrjun þess mánaðar, en Tryggingarstofnunin innir janúargreiðsluna af höndum í byrjun febrúar. — Mjög fátt af þessu fólk getur beðið svo lengi eftir greiðslu, og er þetta ákvæði því nauðsynlegt til að firra það vandræðum.

Eðlilegt virðist, að þessi greiðsla skiptist að jöfnu milli sveitarstjóðs og ríkisstjóðs eins og áður var um ellilaun og örorkubætur.

### Um 2. bráðabirgðaákvæði.

Þegar l. nr. 26/1936 um alþýðutryggingar voru sett, var aldurstakmarkið fyrir rétti til ellilauna hækkað úr 60 í 67 ár. Þetta olli svo mikilli óánægju hjá þeim gamlmennum, 60—67 ára, er fengið höfðu ellistyrk samkv. eldri lögum, en misstu hann aftur, að óhjákvæmilegt reyndist að veita þeim hann á ný með bráðabirgðalögum.

Við framkvæmd almannatryggingalaganna er hætt við, að vart verði samskonar óánægju hjá þeim öryrkjum, er misst hafa 50—75% orku sinnar, og er ætlaður styrkur samkv. 3. bráðabirgðaákvæði þeirra laga, ef úthlutun til þeirra lækkar frá því sem nú er. — Ákvæði þetta er sett til þess að útiloka, að svo geti orðið, en jafnframt gert ráð fyrir, að rikissjóður beri þann halla, sem tryggingarsjóðurinn kann að verða fyrir af þessum sökum.

### Um 3. bráðabirgðaákvæði.

Í frv. til laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna er lagt til, að mæðrum óskilgetinna barna setuliðsmanna sé veittur réttur til meðlagsheimtu af opinberu fé, ef þær hafa í höndum sönnunargögn fyrir faðerni barna sinna, eða hafa látið höfða barnsfaðernismál á venjulegan hátt og unnið eið að framburði sínum, sbr. 13. og 14. gr. þess frv.

Nokkrar sveitarstjórnir hafa tekið þetta upp nú þegar og fengið loforð eða vilyrði um endurgreiðslu úr rikissjóði. — Munu þær barnsmæður vera 110—130 á öllu landinu, sem fengið hafa þannig greiðslu af opinberu fé, og hefur málshöfðun alltaf verið skilyrði fyrir greiðslunni, ef faðernisjátning hefur ekki legið fyrir. — Ákvæði þetta er sett til þess, að þessar greiðslur geti haldið áfram óhindrað, eins og aðrar barnsmeðlagagreiðslur, er Tryggingastofnunin tekur við, enda munu flestar af þessum mæðrum vera mjög illa staddar fjárhagslega og ekki þola, að neitt hlé verði á greiðslunum.

Frekari greinargerðar eða athugasemda en nú hafa gerðar verið, telur nefndin ekki við þurfa.

Reykjavík, 13. des. 1946.

Jónas Guðmundsson. Auður Auðuns. Jónas Thoroddsen.  
Ólafur Sveinbjörnsson. Ingólfur Jónsson.